

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi
Dags. 23. júní 2022
Mnr. 2019060003



ÍSAFJARÐARBÆR

17. júní hátíðahöld 2022

Hátíðahöld á 17. júní 2022 fóru fram á Sjúkrahústúninu, við Gamla sjúkrahúsið.

Viðburðastofa Vestfjarða hafði yfirumsjón með framkvæmd hátíðahalda.

Boðið var upp á hefðbundna hátíðardagskrá; skruðgöngu frá Silfurtorgi, lúðrasveit, hátíðarræðu, fjallkonu og hátíðarkór. Á túninu var svo karamellukast, hoppukastalar og sölubásar körfuknattleiksdeildar Vestra með pylsum, blöðrum, sælgæti og kandíflossi (sykurull).

Ráðgert var að bjóða upp á hestaferðir í samstarfi við Hestamannafélagið Hendingu en ekki varð neitt úr því.

Klukkan 18 fóru fram piknikk-tónleikar í grenjandi rigningu í Blómagarðinum. Þrátt fyrir veður var ágætis mæting á tónleikana.

Þessi fyrstu hefðbundnu hátíðahöld eftir covid-röskun síðustu ára gengu nokkuð vel þrátt fyrir að fastir liðir dagskrár, skv. samningi við Íþróttafélög, hafi fallið niður.

Atriði frá öðrum sem bættust við dagskrána:

- Harmonikkuball og vöflukaffi í Tjörúhúsinu
- Opið á sögusýningu um Húsmæðraskólann Ósk í Tónlistarskóla
- Opnun nýrrar sýningar í Hversdagssafninu
- Hátíðartónleikar tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið í Hömrum kl. 20

Minnispunktur:

- Leggja til við körfuknattleiksdeild Vestra að skipa sérstaka nefnd til að halda utan um vinnu félagsins á 17. júní.
- Piknikk-tónleikar eru skemmtileg viðbót við hefðbundna dagskrá, skoða að gera þá að föstum lið.
- Kaupa eigin burðarbelti fyrir fánastangir.
- Fara betur yfir gönguleið skruðgöngu með fánaberum og lögreglu.
- Skoða að gera langtímasamning við VV um að sjá um hátíðahöldin.
- Skoða að endurvekja kassabílarallý, þá með ríflegum undirbúningstíma og jafnvel undirbúningshelgi þar sem boðið er upp á smiðju fyrir þátttakendur.
- Karamellukastið úrelt? Hægt að skjóta karamellum af svölum Safnahúss með nammifallbyssu?